

Aðalfundur ÆSKP 14. mars 2014.

Fundur settur kl. 17.00.

Fundinn sóttu Magnús Magnússon Hvammstanga, Þórunn Harðardóttir, Elmar Freyr Árnason Árbæjarkirkju, Ingunn Björk Jónsdóttir Árbæjarkirkja, Erlendur Kristjánsson, Ása Laufey Sæmundsdóttir Neskirkja, Hjalti Jón Sverrisson Laugarneskirkja, Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar, Rebekka, Noregur, Helga Sigrún noregi, KAtróin Helja, Herdís Ingvadóttir, Eva Björk .

Guðmundur Karl kosinn fundarstjóri og Sigurvin ásamt Þórunni kosin fundarritarar aðalfundar.

Afhending á söfnun landsmótsins.

### **Skýrsla framkvæmdarstjóra flutt af varaformanni – SLJ**

Í skýrslunni er fjallað um landsmótið að fræða ekki aðeins í orði heldur einnig í haldbærum verkefnum skiptir miklu máli. Í ár var innanlandsaðstoð studd hjá hjálparstarfi kirkjunnar. Stjórnin kynnt og áhugavert hversu margir í varastjórninni eru ungir að aldri og hörkuduglegt fólk. Sigríður Rún lét af störfum og Eva tók við starfi hennar sem framkvæmdarstjóri ÆSKP í aðeins 50 prósent stöðu. Í kringum landsmót gefur um 50 manns vinnu sína – ástæða til að vera stolt af því. Formaður er vongóður um að hægt verði að hækka starfshlutfall framkvæmdarstjóra á komandi árum. Sambandið er aðili að ýmsum öðrum samböndum og nefndum. sbr. ÆSKR og fleiri. En ásamt þeim eru haldin námskeið og önnur fræðsla fyrir leiðtoga kirkjunnar. Mæting innan kirkjunnar er heldur dræm og við þurfum að finna leið til að hvetja fólk innan kirkjunnar til að sækja þessi námskeið eins og Verndum þau námskeiðið. Kirkjuþing Ungafólksins var haldið 15. maí sl. Það hefur vaxið síðustu ár. Þóra Björg stjórnarmaður ÆSKP var forseti kirkjuþingsins í fyrra og verður það aftur í ár. European Fellowship of Christian youth eru regnhlífarsamtök sem ÆSKP. Rætt um Easter Course sem var haldið á Íslandi síðasta ár og gekk framur vonum. Í ár stýrir Rakel verkefninu fyrir hönd ÆSKP og verður það haldið í Birmingham ásamt 5 þátttakendum frá Íslandi. Vaktu með Kristi verður haldið aftur í ár eins og undanfarin ár í Neskirkju. Kærar þakkir til Erlends hjá Menntamálaráðuneytinu. ÆSKP hefur bætt við sig 5?? aðildarfélögum á árinu.

### *Umræða um skýrslu stjórnar:*

Sr. Magnús hrósar landsmóti og starfi æskulýðsstarfsins sem virðist vera að eflast. Mikilvægt að leggja hjálparhönd og miðla reynslu sinni til þeirra sem eru að byrja í geiranum. Efla siðvitund unglinga æskunnar og með því efla grundvöll kirkjunnar í framtíðinni. hvar sem á málin er litið er æskulýðsstarf kirkjunnar gífurlega mikilvægt. Umræða um sstarfsreglur og skimum má bæta eins og rætt er á kirkjuþingi unga fólksins. Magnús bendir ennig á hversu mikilvægt era ð finna fjárveitingu fyrir hækkun starfshlutfalls æskulýðsfulltrúa ÆSKP upp í 100%. Verndum þau námskeiðið mjög gott. sr. Magnús bauð öllum kennurum og leikskólakennurum á námskeiðið og var mætingin mjög góð.

GKE ræðir ársreikninga sem hafa verið undirritaðir af skoðunarmönnum sr. Magnúsi og Péttri Þorsteinssyni.

*Tekjur á árinu 5 milljónir frá kirkjuráði og ... frá mennta og menningarmálaráðuneytinu. Þátttökugjöld landsmóts stærsti liðurinn. styrkir til landsmóts 515 þús krónur. Tekjur alls 15.630 þús krónur. ....*

#### *Umræða um ársreikninga*

Magnús: sundurliðun á fjárlögum – þarf að sækja um það á hverju ári eða er það fast milli ára? SLJ og GKE segja að þessi framlög séu ekki föst milli ára. Féð frá ráðuneytinu er ekki traust svo það er enn mikilvægara að fá góðan styrk frá kirkjumálaráði.

Sigurvin: Þakkar Guðmundi fyrir að taka að sér gjaldkerastöðuna. SLJ bendir á að það sé afrek að hafa náð kostnaði vegna landsmóts án halla. Mikið grettistak sem GKE hefur náð í fjármálum sambandsins.

Magnús: Ferðakostnaður landsmóts fer alltaf eftir því hvar landsmótið er staðsett. Landsmót í ár verður því að öllum líkindum dýrt miðað við að staðsetningin verði Ísafjörður.

Ársreikningur samþykktur samhljóða.

Næsta reikningsmál frá GKE:

GKE fer fyrir aðildargjöld og mótsgjöld ásamt fleiru. Þau 7% sem ekki mæta á landsmótið er dýr kostnaðarliður fyrir sambandið þar sem búið era ð greiða fyrir þau þó svo þau mæti ekki.

SLJ bendir á að ÆSKP er landssamband og því mikilvægt að landsmót sé haldið á öllum landshörnum. Það skal þó bent á það að ef ekki gengur upp að halda landsmótið á Ísafirði þá verði fundin ný staðsetning fyrir mótið.

Kostnaður við að halda mót á Ísafirði er meiri en annar staðar. Auk aukinnar veðuráhættu.

Skýrsla framkvæmdarstjóra:

tók við starfinu 1. okt. 2013. Sambandið era ð sækja um fulla aðild að European Fellowship. Eva ræðir um kirkjuþingið þar sem Þóra Björg var forseti og Sunna Dóra stýra – 5 ályktanir samþykktar og útlistaðar í skýrslunni. Í ár verður Sigríður Rún verkefnastjóri kirkjuþings unga fólksins. Energy og trú landsmótið í ár var það stærsta til þessa. Söfnun mótsins í ár var glæsileg. Fræðslan var í höndum SLJ ásamt prestunum í Keflavíkurkirkju og fulltrúar KFUM&K. rachel var landsmótsstjóri þriðja ár í röð. Með því að hafa sama landsmótsstjóra ár eftir ár hefur landsmótið vaxið og dafnað. Verndum þau námskeiðið verið tvö – á Ísafirði og á Reykjavíkursvæðinu. Námskeiðið mikilvægt fyrir alla þá sem starfa með börnum. Samkvæmt könnun sem nýlega var lögð fyrir kom í ljós að það er enn þörf fyrir námskeiðið. Allir sem hafa sótt námskeiðin voru ánægðir með þau og fannst þau nýttast frekar vel eða mjög vel í starfi. Námskeiðin eru styrkt af mennta og menningarmálaráðuneytinu. Á Vaktu með Kristi voru þátttakendur mun lfieiri en vanalega vegna þátttöku Easter Course þátttakenda sem voru 50 manns frá 9 löndum. ÆSKP er í samtarfi við Biskupsstofu og ÆSKR um námskeið... Farskólinn hefur orðið eitt af farsælustu verkefnum hjá þessum samstarfshópi. Útskriftin 2013 fór fram í fyrra frá Víðistaðakirkju. Verið era ð

vinna að endurskoðun námskrár farskólans. Grunnnámskeiðið hvorki haldið í fyrra né í ár. Þarfnast endurskoðunar. Leiðtoganámskeiðið sem átti að halda í Skálholti í fyrra fell niður vegn averðurs en verður haldið í vor í staðinn. Eva fjallar einnig um fleiri námskeið sem voru í boði fyrir starfsfólk barna og unglignastarfs kirkjunnar. Eva þakkar stjórn og þeim sem kom að starfi æskþ fyrir gott samstarf.

*Umræða: Spurt er um TTT mótið (Ingunn). GKE svarar að mót hafi verið haldið í mars/apríl í fyrra en sambandið fékk gagnrýni fyrir það því það væri of staðbundið. Ekki æskilegt fyrir æskþ að halda mót sem er fáum opið eða fair hafa tök á að sækja. Niðurstaðan var sú að halda ekki fleiri TTT mót á vegum ÆSKP heldur ætti frekar heima hjá héraðssamböndum.*

*Samþykkt samhljóða.*

Starfsáætlun - Eva

Eva fer yfir þau Verndum þau námskeið sem verða á árinu. Áframhaldandi samstarf við Biskupsstofu, ÆSKR og KFUM&K um hin ýmsu námskeið fyrir presta, djákna og leiðtoga. Farskólinn heldur áfram. Það var ráðgert að halda grunnnámskeið í æskulýðsstarfi en því var frestað. Easter course verður haldið í ár í Birmingham. Kirkjuþing unga fólksins þann 17. maí. Vaktu með Kristi verður í Neskirkju að kvöldi skírdags. ÆSKP ætlar að taka þátt í gleðigöngunni – vera vel merkt með borða. Landsmót ráðgert á Ísafirði í október. Landsmótsnefnd era ð vinna að handbook sem ætti að auðvelda landsmótsnefndum framtíðarinnar sitt starf.

Umræða: SLJ þakkar fyrir að gleðigangan sé komin inn á starfsáætlun sambandsins. Sigurvin segir frá því að Ármann Gunnarsson hélt uppi mannréttindanefnd sem tók þátt í ýmsum viðburðum á vegum mannréttinda sem gerði það að verkum að sambandið var afar sýnilegt.

Skýrsla samþykkt samhljóða.

Skýrsla landsmótsstjóra: Rakel Brynjólfsdóttir

Rakel fer yfir hverjir sátu í landsmótsnefndinni 2013 og bendir á að Kristján hafi séð um sjálfbóðaliðahópinn. Rakel hrósar Reykjanesbæ fyrir það að hafa allt það sem landsmót þarf á að halda. Auk þess bendir hún á að Reykjanesbær rukkaði sambandið ekki um neitt. og er sambandið afar þakklátt fyrir það. Erla Guðmunds sá um ýmis mál á staðnum fyrir nefndina fyrir og á meðan mótinu stóð. Rakel fer yfir hverjir aðstoðu og komu að því að gera mótið eins fínt og það var. MENU sá um matinn, en venjan era ð semja við fyrirtæki á staðnum. Maturinn gekk mjög vel. Í ár var breytt út frá hefðinni að senda þátttakendur með nesti á leiðinni heim með því að bjóða upp á flatbökur í Grafarvogskirkju. Á heimleiðinni fór ein rúta út af veginum. Enginn slasaðist og ákveðið ferli fór í gang í kjölfarið. Heimasíða landsmóts verður fullkomnari með hverju ári og ættu allar upplýsingar að vera þar inni. Rakel bendir á að sjálfbóðaliðahópurinn leggur á sig gífurlega mikla vinnu á mótinu. Söfnun mótsins var afar góð. DAGskráin var með svipuðu sniði og verið hefur. Gerð var breyting á hæfileikakeppninni sem talin er hafa tekist afar vel. KArnivalið lukkaðist einnig mjög vel. Hvíslhornið err

ólegur staður sem erg ífurleg þörf fyrir og orðið eitt af föstu liðunum. Tilviljun? ere innig orðið partur af mótinu og samstarfið verið afar gott. Stop poverty verkefnið. 673 manns komu beinum hætti að landsmótinu. Rakel bendir á að Reykjanesbær og sú móttaka sem landsmótið fékk þar hafði gífurleg áhrif á hversu vel til tókst í fyrra.

Umræða um landsmót:

Magnús: Þakkar landsmótsstjóra fyrir skýrsluna. Segir landsmótið hafa tekið miklum framförum, sérstaklega hvað varðar tæknimálin. sniðugt að tengja mótin við sérstaka söfnun eða málefni, sérstaklega með siðvitund ungmennanna. Magnús ræðir lokamessuna og bendir á að hún hafi e.t.v. of fjarlæg þátttakendum landsmóts. Magnús saknaði stemmningarinnar sem verið hefur undanfarin ár á landsmóti. Mikilvægt að presturinn á staðnum sé mjög vel tengdur landsmótsstjóra og nefndinni svo allir geti tekið þátt í messunni og sprungið út eins og Magnús orðar það. Það er mikilvægt að passa vel upp á lokamessuna.

Sigurvin svarar: Landsmót 2008 – sóknarprestur brast í söng. stjórnin hefur ákveðna hugmyndafræði að leiðarljósi sem era ð lyfta upp því góða starfi sem er á staðnum. Helgihaldið í lokið hefur verið sett í hendur heimasafnaðarins.

Herdís: Væri hægt að hafa messuna annarstaðar innan helgarinnar?

Hjalti Jón: Erfitt að vera með 700 unglunga og guðþjónustu. HJ finnst vera ákveðinn galli að vera með frátekna stund á sama stað og þátttakendur hafa verið alla helgina. Helgihaldið hefði mátt vera á öðrum stað.

GKE tekur undir með Hjalta. RB bendir á að það sé mjög góð messusókn hjá Keflavíkurkirkju og því hafi í fyrra verið ávkeðið að halda messuna þar sem hún var. Það er erfitt að finna kirkju sem tekur 700 manns. Hjalti bendir á að það hefði e.t.v. verið hægt að halda messuna úti.

Magnús bendir á að Tilviljun? hafi leitt sönginn síðustu ár og því hafi þátttakendur getað tekið undir og þekktu sönginn.

GKE bendir á að ný landsmótsnefnd þurfi að taka þessa umræðu upp.

Norski söfnuðurinn bendir á hversu góð messan hafi verið í Selfoskirkju og eftirminnileg.

GKE bendir á að í ár greiddum við ekki neitt fyrir þá hluti sem við fengum frá bænum. Ríkið rekur menntaskólana og því þarf að greiða fyrir þá (Erlendur).

Lagabreytingartillögur: SLJ

Breytingartillögur á 4.,5. og 6. grein lagðar fram til samþykktar.

Allar breytingartillögur samþykktar samhljóða.

Kosning ritara og meðstjórnenda í framkvæmdarstjórn:

Aðeins tveir af þeim þremur sem setið hafa bjóða sig aftur fram.

Sigurvin gefur aftur kost á sér sem ritara.

Erla Guðmundsdóttir frá KEflavík gefur kost á sér í stöðu meðstjórnanda. GKE les bréf þar sem Erla býður fram krafta sína á vettvangi ÆSKP.

Katrín Helga Ágústsdóttir úr Neskirkju gefur kost á sér sem meðstjórnanda.

Kosið er leynilega um ritara og meðstjórnendur.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Elmar Freyr Árnason,  
Ása Laufey Sæmundsdóttir,  
Þórunn Harðardóttir,  
Bryndís Valbjarnardóttir,  
Sindri Geir Óskarsson

Kosið er leynilega í sameiginlegri kosningu.  
Ofangreindir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

Kosning tveggja skoðunarmanna.

Sr. Magnús Magnússon og Pétur Þorsteinsson gefa báðir kost á sér aftur.

Umræða:

Rakel leggur til að stjórn ÆSKP skipi kjörnefnd fyrir næsta aðalfund ÆSKP.

Önnur mál:

Erlendur: Óskar nýkjörnu fólki til hamingju. Erlendur ræðir skimum, hvað er skimum. Eva og Sigurvin útskýra það. Erlendur bendir á að það er yfirleitt ákveðin manneskja sem sér um að óska eftir sakaskrá frá þeim sem sækja um starf. Erlendur vekur athygli núverandi framkvæmdarstjóra á að hægt sé að leita til emnntamálaráðuneytisins og sækja um ýmsa styrki fyrir námskeiðum og verkefnum. Um að gera að sækja í æskulýðssjóð sem hefur fjóra umsóknarfresti. Var að gefa út Litla kompás (compasito) – mannréttindahandbók með verkefnum sem hægt er að nota í ýmsu starfi. Námskeiðin í kringum Kompásbækurnar kosta ekkert. Æskulýðslögin. Ábyrgð og skyldur þeirra sem vinna með ungu fólki – lítil græn bók sem ætti að vera til í hverri kirkju. Þakkar fyrir að vera boðið á aðalfund ÆSKP og það að fá að fylgjast með starfi sambandsins.

Erlendur bendir á að það sé mikilvægt að vera duglegur að sækja um eitthvað á hverju ári.

Sigurvin: Þema næsta landsmóts verður að öllu óbreyttu Kynheilbrigði og óskar eftir umræðu um það.

Magnús: Þakkar fyrir fræðsluna sem hefur verið á undanförunum landsmótum.

Fundi slitið kl. 19:44

